

20.2.2016

**Alþingi, nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd**

Á fundi byggðarráðs Dalabyggðar 5. apríl sl. var fjallað um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018. Eftirfarandi var bókað:

„Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018 hefur verið lögð fyrir Alþingi. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir 15 millj. kr. á árinu 2016 til endurbóta á Skarðsstöð og 9,5 millj. kr. á árinu 2018 til sjóvarna við Búðardal.

Að öðru leyti koma vega- og hafnamannvirki ekki við sögu í áætluninni.

Alþingismenn hafa á opnum fundum viðurkennt að uppbygging og viðhald vega í Dalabyggð hafi mætt afgangi undanfarin ár. Samkvæmt nýrri skýrslu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Samgöngutölfræði Vesturlands, eru um 74% vega í Dalabyggð enn með malar slitlagi og eru aðeins 4 sveitarfélög landsins verr sett hvað þetta varðar.

Byggðarráð krefst þess að ríkisstjórn setji auknið fé til vegamála til að mæta stórauðinni umferð og bæta fyrir skort á viðhaldi og nýframkvæmdum á síðustu árum. Tafarlaust þarf að hefja uppbyggingu malarvega í Dalabyggð og leggja þá bundnu slitlagi.“

Afrit: Innanríkisráðuneytið, Vegamálastjóri, Vegagerðin Vesturlandi, Alþingismenn NV

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is